



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

3. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 4. október 2021, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Björg Árnadóttir, varafulltrúi Visit South Iceland ehf.
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Geir Gígja, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Geir Gígja, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá:

- Stutt yfirferð yfir verkefni sl. missera og framundan (maí-sept)
- Önnur mál

Stutt yfirferð yfir verkefni sl. missera og framundan (maí – sept 2021)

Áfangastaðaáætlun – DMP

Á tímabilinu lét Laufey Guðmundsdóttir verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar af störfum hjá MSS og tók Ragnhildur við keflinu í verkefnum áfangastaðaáætlunar. Enn er verið að vinna við lokaskrif á áfangastaðaáætlun og verið að þetta nokkur atriði. Áform eru um að gera hana aðgengilega á vefsíðunni til betri hagnýtingar t.a.m. fyrir sveitarfélögin. Einstaka verkefni áætlunarinnar eru í undirbúningi og vinnslu samkvæmt samningi, svo sem Vitaleið og aðrar ferðaleiðir, efnissköpun og MatarAuður ásamt nýjum hlutverkum áfangastaðastofu um hæfni, gæði, rannsóknir og fleira. Verkefnastjóri sótti kynningu í júní á Vegrún sem er leiðbeinandi rit um innviðaupbyggingu á ferðamannastöðum.

Starfsmenn MSS tóku þátt í vikulangri vinnustofu um Vörður með Atvinnuvega- og nýköpunarráðuneyti, umhverfis- og auðlindaráðuneyti, erlendum ráðgjöfum og öðrum stofnunum í byrjun september. Fjórir staðir eru komnir af stað í ferlið að verða Vörður og eru þeir allir á Suðurlandi; Jökulsárlón, Gullfoss,

Geysir og Þingvellir. Vinnustofan var mjög gagnleg þar sem unnið var með nálgun á uppbyggingu áfangastaða sem kemur til með að nýtast MSS í ráðgjöf t.a.m. til sveitarfélaga. Umræða í framhaldinu um aðkomu/hlutverk áfangastaðastofa í kjölfarið með ráðuneytunum.

Framundan eru lokaskrif, prófarkarlestur, uppsetning og hönnun á áfangastaðáætlun. Þá verður áætlunin send til sveitarfélaga og haldnir kynningarfundir.

Áfangastaðastofa – DMMO

Í júní var stöðufundur með Ferðamálastofu varðandi framgang verkefna og stöðuna almennt á ferðabjónustunni í landshlutanum. MSS fékk lof fyrir faglega nálgun og framsetningu á verkefnum.

Stjórn MSS tók fyrir í júní samning milli MSS og SASS um verkefni Áfangastaðastofu Suðurlands og er hann nú á borði SASS. Þá er framundan ársþing SASS þar sem fara mun fram umræða um Áfangastaðastofu og þátttöku sveitarfélaga á Suðurlandi í því samstarfi við ríkið og greinina. Framkvæmdastjóri MSS mun kynna hlutverk og starf væntanlegrar Áfangastaðastofu á þinginu. Samningar eru lausir við nokkur sveitarfélög um áramót og leggur stjórn til að beðið verði fram yfir ársþing SASS með að óska eftir endurnýjun á þeim samningum.

Markaðsmál

- **Nýja heimasíðan** fór í loftið í sumar og hefur verið í mikilli vinnslu síðustu misseri. Mörg handtök hafa verið við efnissköpun og -innsetningu, leitarvélabestun ásamt fínstillingum á virkni.
Framundan er áframhaldandi bestun á heimasíðunni en mikilvægt er að síðan sé í stöðugri uppfærslu.
- **Markaðsherferð innanlands** var keyrð í sumar líkt og árið áður. MAS fengu sérstakt fjármagn í birtingar frá Ferðamálastofu til að styðja við átakið, sem þó var mun minna en í fyrra. Efni frá fyrra ári var að einhverju leiti nýtt í herferðina. Áfram var unnið með „ferðumst á Suðrænar slóðir“ þar sem áhersla var lögð á Google, samfélagsmiðla og útvarp. Dregið var úr auglýsingum þegar Covid fór á fullt aftur í sumar.
Framundan er að halda skilaboðunum við á samfélagsmiðlum eftir því sem við á, m.a. með áherslum á fjölskylduferðir, sæluferðir og ævintýraferðir í haust/vetur.
- **Vitaleiðin** var opnuð með pompi og prakt 12. júní sl. eftir þrjár tilraunir til að opna hana formlega. Leiðin hefur fengið góðar viðtökur og þó nokkra umfjöllun. Unnið hefur verið að því að þýða efni, gera myndband og koma leiðinni enn betur á framfæri á erlendum mörkuðum.
Framundan að kynna hana enn frekar á erlendum og innlendum mörkuðum ásamt því að vinna með sveitarfélögum/fyrirtækjunum að frekari uppbyggingu og þéttingu áningarstaða og þjónustu á leiðinni.
- Búið er að setja niður dagskrá fyrir **Morgunfundi MSS** í haust sem verður kynnt fljótlega.
- Tekið var í notkun **Brandcenter** sem er nýtt íslenskt myndabankaforrit. Áður var MSS með samninga við Bynder sem þjónaði sama tilgangi en með nýju kerfi minnkar kostnaður svólítið og aukin samhæfing næst þar sem Íslandsstofa og aðrar markaðsstofur eru komnar inn í sama kerfi.
Framundan er að hvetja hagaðila eins og SASS og sveitarfélög að nýta sér kerfið enn frekar með því að halda vefnámskeið til að kynna virkni Brandcenter og Upplifðu „verkfærin“ fyrir þessum aðilum. Einnig á að efla og þétta innihald kerfanna með fleiri myndum og myndböndum.

- **Samfélagsmiðlar** er í sínum takti bæði íslensku og ensku.
- **Upplifðu** er í áframhaldandi þróun og vinnslu en það hefur dregist að fá inn efni frá framleiðslufyrirtækinu. Bakendaáðgangur er þó aðgengilegur fyrir aðildarfyrirtæki og sveitarfélög.
Framundan er að kynna frekar fyrir aðildarfyrirtækjum og sveitarfélögum þetta verkfæri sem hægt er að nota til markaðssetningar til ferðaheildsala ásamt áframhaldandi þróunarvinnu, innsetningu á meira efni, þróun bakenda og fleira.
- Ákveðið var að taka ekki þátt í **vinnustofum** erlendis í haust í ljósi faraldursins. Mikill undirbúningur hefur verið fyrir **sýninguna** VestNorden sem og tvær ferðir (pre-tour) fyrir gesti Vestnorden. Ferðirnar voru til Vestmannaeyja og um Vitaleiðina með viðkomu á fleiri stöðum. Undirbúningur er einnig hafinn fyrir Mannamót Markaðsstofa landshlutanna en þau munu fara fram 20. janúar 2022.
Framundan er samantekt á Vestnorden, pre-ferðum og gögnum í tengslum við þær sem og eftirfylgni í formi tengiliðalista sem sendir eru á samstarfsfyrirtækin og fréttabréfs til þátttakenda um nýungar á svæðinu. Framundan er einnig undirbúningur fyrir Mannamót og Mid-Atlantic sem fer fram 27.-30. Janúar 2022.
- **Fréttabréf** um innra starf Markaðsstofunnar og til erlendra ferðasala er sent út reglulega.
- Sett hefur verið upp áætlun til að **markaðssetja MSS til nýrra aðildarfyrirtækja**. Fréttabréf var sent út í byrjun sumars og fréttabréf/pósta í gegnum Faghóp ásamt sterkari innri upplýsingasíða. Ný fyrirtæki hafa bæst í hópinn og munum við halda vel utan um nýja aðila og ætlum að bjóða þeim á sameiginlegan kynningafund um ávinning aðildar. Vonað er að það styrki fyrirtækin inn í samstarfinu og auki skilning á þeim tækifærum sem felast í samstarfinu.

MAS samstarf

Margir fundir voru á tímabilinu tengt verkefnum Markaðsstofa landshlutanna, m.a. í tengslum við nýtt hlutverk Áfangastaðastofa um hæfni og gæði. Þá voru nokkrir fundir með Hæfnisetri ferðaþjónustunnar á tímabilinu varðandi hlutverk og markmið mismundandi aðila. Þá átti framkvæmdastjóri fundi með Fræðslunetinu og Háskólafélagi Suðurlands um hæfni, menntun og gæði í ferðaþjónustu á svæðinu. Aðrir fundir voru haldnir á tímabilinu um sameiginleg verkefni eins og vefsíður, Upplifðu, samninga við Íslandsstofu og vegna myndabankakerfisins Brandcenter. Forstöðumannafundur var haldinn í ágúst um verkefnin framundan og t.a.m. fulltrúa MAS í Ferðamálaráði, en MAS gegnir nú hlutverki varaformanns í ráðinu og situr Arnheiður Jóhannsdóttir þar fyrir hönd MAS.

Framundan er stefnumótunarvinna meðal Markaðsstofa landshlutanna, um framhald samstarfsins og tilkomu nýrra hlutverka með stofnun Áfangastaðastofa um land allt.

Samstarf við SASS

Heldur áfram í sínum farvegi og starfsmenn MSS m.a. sinnt upplýsingamiðlun og ráðgjöf á tímabilinu.

Framundan er að taka þátt í vinnustofu með Kötlu jarðvangi um svæðismörkun. Einnig er framundan áframhaldandi vinna við að taka saman efni og greiningar sem nýtist í samstarfinu.

Sveitarfélög – faghópur

Tveir fundir voru á tímabilinu, í maí bauð Árborg heim þar sem nokkrir staðir voru heimsóttir en hinn var haldinn í september í fjarfundi. Á fundinum í september var umræða um VestNorden ríkjandi en fulltrúar úr faghópnum munu fylgja annarri Pre-ferðinni og komu að skipulagningu hennar ásamt því að þátttöku á sýningunni sjálfri. Annars snúast fundirnir almennt um miðlun upplýsinga, áfangastaðaáætlun, ýmis erindi, samtal og samvinnu milli sveitafélaga.

Íslandsstofa

- Hópur starfsmanna Íslandsstofu komu í heimsókn á Suðurland í júní og fengu kynningu á starfsemi MSS ásamt því að fara í heimsókn í nokkur fyrirtæki á svæðinu. Þá var undirritaður samstarfssamningur milli MSS og Íslandsstofu á Landhótel.
- Önnur verkefni eru samkvæmt áætlun, þ.e.a.s. efnisöflun og sköpun, áherslur landshlutans, samræming, samtal og eftirfylgni.

Aðrir fundir / erindi

- Framkvæmdastjóri hélt erindi á fundi Landsbankans í sumar.
- Starfsmenn MSS tóku þátt í fundi sem ferðaskrifstofan Nonni Travel hélt um framtíð ferðaþjónustu þar sem skoðaðar voru framtíðarhorfur greinarinnar.
- Nokkur framboð höfðu samband og funduðu með starfsmönnum MSS í aðdraganda kosninga. Það er fagnaðarefni að fá tækifæri til að koma sjónarmiðum atvinnugreinarinnar og stöðu landshlutans í ýmsum hagsmunamálum til framboða í aðdraganda kosninga, enda á landshlutinn mikið undir þegar kemur að ferðaþjónustu sem atvinnugrein.
- Fundur var haldinn með aðildarfyrirtækjunum MSS í Vestmannaeyjum þar sem ýmsir fletir á samstarfinu voru ræddir. Í kjölfar fundarins var send könnun til fyrirtækjanna um þeirra sýn á áherslur í samstarfinu við MSS.
- Starfsmenn tóku þátt í Ferðaþjónustudegi SAF og rafrænu erindi sem bar yfirskriftina „Er hægt að mæla Net promote score (NPS)?“
- Fulltrúar MSS áttu fund á tímabilinu með atvinnumálafulltrúa Rangárpings ytra um uppbyggingu áfangastaðar sem sveitarfélagið er með í undirbúningi og hyggst sækja um í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.
- Ýmsir fundir með samstarfsfyrirtækjum.

Framundan er m.a. að halda morgunfundarröð MSS.

Rekstraráætlun / markaðsáætlun / starfsáætlun 2021

- Áætlanir 2022 er í fyrstu skrefum undirbúnings og verða teknar fyrir á næsta fundi stjórnar.

Önnur mál

- Greiðslur til stjórnar ræddar. Framkvæmdastjóri kynnti gróft kostnaðarmat sem sent verður á stjórn. Stjórn ákvað að fara yfir, leggja til útfærslu og leggja fyrir næsta aðalfund til samþykktar.
- Erindi frá Héraðsskjalasafni Árneseinga rætt og mun framkvæmdastjóri senda stjórn skýrslu og hlekk á lög sem varða málið.
- Ragnhildur og Nejra víkja af fundi og starfsmannamál rædd.

Fundi slitið kl. 12:00.